

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg.

1. gr.

Innheimta skal gjald fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg svo sem nánar greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Gjald fyrir *blandaðan heimilisúrgang*:

<i>Gjaldflokkur nr.</i>	<i>Tegund íláts og hirða</i>	<i>kr./ílát á ári</i>
A.1	120 l spartunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	12.700
A.2	120 l spartunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	17.200
A.3	240 l grá tunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	22.800
A.4	240 l grá tunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	28.400
A.5	660 l ker, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	62.700
A.6	660 l ker, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	78.100

Gjald fyrir *flokkaðan heimilisúrgang*, pappírsefni:

<i>Gjaldflokkur nr.</i>	<i>Tegund íláts og hirða</i>	<i>kr./ílát á ári</i>
B.1	240 l blá tunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	9.400
B.2	240 l blá tunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	13.100
B.3	660 l blátt ker, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	25.850
B.4	660 l blátt ker, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	36.025

Gjald fyrir *flokkaðan heimilisúrgang*, plastefni:

<i>Gjaldflokkur nr.</i>	<i>Tegund íláts og hirða</i>	<i>kr./ílát á ári</i>
C.1	240 l græn tunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	9.300
C.2	240 l græn tunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	13.000
C.3	660 l grænt ker, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	25.575
C.4	660 l grænt ker, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	35.750

Sorphyrdugjaldi er ætlað að standa undir kostnaði við ílát, hirðu og förgun úrgangs.

Merkir pokar fyrir tilfallandi umfram blandaðan úrgang: 850 kr./stk.

Merkir pokar fyrir tilfallandi umfram pappírs- eða plastúrgang: 550 kr./stk.

Gjald fyrir aukalosun blandaðs úrgangs: 2.464 kr./ferð auk 973 kr./ílát sem losað er.

Gjald fyrir aukalosun pappírs- eða plastúrgangs: 2.464 kr./ferð auk 397 kr./ílát sem losað er.

Gjald vegna reksturs endurvinnslustöðva: 13.340 kr./íbúð. Gjaldi vegna endurvinnslustöðva er ætlað að standa undir kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar í rekstri endurvinnslustöðva Sorpu bs.

Umsýslugjald vegna breyttrar þjónustu, aksturs og skráningar sorpíláta, er 3.100 kr. fyrir hvert sinn sem óskað er breytinga.

3. gr.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi. Innheimtudeild Reykjavíkurborgar annast innheimtu gjalda skv. gjaldskrá þessari.

4. gr.

Gjalddagi gjalda skv. 2. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöld ekki greidd á eindaga.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af borgarráði Reykjavíkurborgar með heimild í 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Reykjavíkurborg, nr. 1251/2015.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 15. desember 2016.

Dagur B. Eggertsson.

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2016